

Tillaga til ályktunar

– Þróunarsjóður –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki að stofna þróunarsjóð til þess að styðja aðildarfélag sambandsins í kaupum á tækjum og tækni til þess að auka gæði afreksþjálfunar. Úthlutun úr sjóðnum verði á hverju ári skv. reglugerð sem stjórn KSÍ setur og sjóðurinn verði fjármagnaður með HatTrick framlagi UEFA eins og mannvirkjasjóður KSÍ. Það verði hins vegar skilyrði að greiðslur úr sjóðnum fari milliliðalaust til birgja (söluaðila/þjónustuaðila) til þess að tryggja viðeigandi nýtingu styrktarfjárins.

Greinargerð

Átak hefur verið gert í uppbyggingu mannvirkja og þjálfaramenntun en til þess að auka gæði þjálfunar þarf að bæta umgjörð með ýmis konar mælingum og þjálfunartækjum/tækni. Forgangsraða þarf í fyrstu m.t.t. efstu deilda sem síðan má útvíkka í tímans rás. Mannvirkjasjóður hefur skilað miklum árangri en sem hluti af þróun og eflingu íslenskrar knattspyrnu er eins konar þróunarsjóður rökrétt framhald. Æskilegt væri að sjóðurinn hefði til ráðstöfunar a.m.k. 20 milljónum króna á ári.

Knattspyrnufélag ÍA